



HRE2A05

Námsáætlun, Vor 2023

Kennari/kennarar:

Gísli Þór Þorkelsson

Netfang/netföng:

gisli@bhs.is

Lýsing:

Farið er yfir virkni ýmissa hreyfla. Hvernig hreyflar eru flokkaðir. Farið er yfir heiti og hlutverk íhluta. Áhersla lögð á blokk, hedd, stimpla, sveifarás og knastás. Farið yfir vinnureglu ýmissa hreyfla, tímafærslubúnað, ventlatíma. Farið yfir legur og þéttingar. Áhersla á rétta notkun verkfæra, mælitækja og tækniupplýsinga við viðgerðir hreyfla. Einnig farið yfir mikilvægi hreinlætis í vinnu við hreyfla.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu íhlutum og grunnvirkni ýmissa gerða hreyfla
- Vinnureglu og byggingarlagi hreyfla
- Tímafærslubúnaði
- Kælikerfi
- Smurkerfi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Útskýra virkni hreyfla
- Nefna íhluti og hlutverk þeirra
- Taka í sundur / setja saman hreyfil samkvæmt upplýsingum framleiðanda
- Nota viðeigandi verkfæri og mælitæki

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota viðeigandi verkfæri og mælitæki
- Taka í sundur, mæla og setja saman hreyfil
- Nota viðeigandi tækniupplýsingar



Námsmat:

Gagnvirkt námsefni Electude verkefni gilda 20%
Innu verkefni gilda 20%
Verklegar æfingar í vinnu við vélar eru 40%.
Vinnuskýrsla um verklegar æfingar gildir ca 50% af verklegu æfingunum.
Virgni og þáttaka er metin 20%

Námsgögn:

Nemandi á að koma með:

Tölvu

Bók eða rafræna útgáfu bókarinnar:

Fundamentals of Automotive Technology (Principles and Practice Second Edition ISBN:978-1-284-10995-5)

Ritföng (blýant, stílabók og strokleður)

Öryggisskó

Vinnufatnað

Einnota hanska

Námsgögn skóla

Sundurskorin vél til að skoða virkni íhluta vélar

Amk 9 vélar í vélarstandi, til vélar skoðunar.

Electude gagnvirkt námsefni

Aðgang að upplýsingum um vélar

Verkfæri og mælitæki til vélar skoðunar

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Persónuhlífar

Skylda er að nota persónuvarnir eftir fyrirmælum kennara, öryggisskór eru skylda á verkstæðisgólfi. Í vinnu við vélarhluta og þegar blástursspiss er notaður er skylt að nota hlífðarhanska og öryggisgleraugu.

Bílapeysur

Nemendum er líka **skylt að nota fjólubláar "BÍLAR" peysur.**

Fylgi nemendur ekki þessum reglum áskilur kennari sér rétt til að vísa þeim úr kennslustund.

(Peysurnar eru öryggisatriði, svo við kennarar vitum hvaða nemendur mega vera í skálunum, því aðrir nemendur hafa ekki fengið fræðslu eða upplýsingar um meðhöndlun og umgengni við tæki og tól þar og eiga því ekkert erindi þar inn og eiga ekki að vera inni í stofum eða verkstæði. Það eru margar hættur í bílaskálunum, fyrir aðila sem hafa ekki þekkingu á því sem þar er.)

Nemendur yfirgefa ekki vinnusvæði fyrir en öll verkfæri eru komin á sinn stað, og gengið hefur verið frá tækjum, búnaði og vinnusvæði þrifið.

Skipaðir verða umsjónaraðilar hvern dag sem sjá um að allir nemendur gangi frá og þrifi eftir sig.

Mætingar eru skv mætingarreglum skólans og er lágmarks viðvera 85% fyrir lotuna.

Fyrstu 10 mínútur tíma gefa S í kladda eftir fyrstu 10 mín er gefið F í kladda.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1			
2			
3			
4			Nýnemahátíð
5			
6			
7	22.feb	Kynning á lotu, verkefnum og námsmarkmiðum	
8	23.feb 2. mars	Öryggismál, Electude verkefni kynnt, bókin Automotive Technology kynnt og verkefni henni tengd, farið yfir virkni brunahreyfils, notkun verkfæra, mælitækja og búnaðar í vinnu við vélar. Nemendur vinna verkefni úr Automotive Technology og Electude heima	Vinnuskýrslur gerðar eftir hvern dag Heilsudagur
9	3. mars 9.mars	Vél rifin á skipulegan hátt hún þrífur hlutir greindir mældir og gerðir klárir til samsetningar, nemendur vinna saman tveir og tveir Nemendur vinna verkefni úr Automotive Technology og Electude heima	Vinnuskýrslur gerðar eftir hvern dag
10	10. mars 16. mars	Vél sett saman eftir fyrirmælum framleiðanda, skýrsla um vinnuna unnin. Lokið við verkefni sem tengjast lotunni. Munnlegt námsmat um virkni vélar og vinnu við rif og samsetningu.	Vinnuskýrslur gerðar eftir hvern dag
11			
12			
13			
14			
15			
16			
17			
18			

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.